

Mánudaginn 12. júlí 1943.

Nr. 14/1943. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar** (Ragnar Ólafsson hrl.)  
 gegn

**Axel Sveinssyni** (Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Mál út af ágreiningi um það, hvort verkamenn, sem stunduðu fagvinnu (gerfismiðir) hafi átt rétt til sumarleyfis samkvæmt samningi verkamannafélagsins Dagsbrúnar við vinnuveitendur.

#### Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 10. maí þ. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Axel Sveinssyni verkfræðingi, Ásvallagötu 69 hér í bæ. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að félagsmenn í verkamannafélaginu Dagsbrún, þar með taldir þeir, sem fagvinnu stunduðu, hafi átt rétt til sumarleyfis með fullu dagvinnukaupi samkvæmt samningi, dags. 30. okt. 1941, milli Vinnuveitendafélags Íslands og verkamannafélagsins Dagsbrúnar, þó að þeir hafi fengið greitt hærra kaup en lágmarkskaup samkvæmt þágildandi samningi vinnuveitendafélagsins og Dagsbrúnar, og að stefnda, Axel Sveinssyni, beri því samkvæmt samningi hans við Dagsbrún, dags. 11. febr. 1942, að greiða verkamönnum, sem eru félagsmenn í Dagsbrún, sumarleyfiskaup, miðað við það kaup, er viðkomandi verkamaður fékk greitt, en til vara miðað við lágmarkskaup samkvæmt samningi Dagsbrúnar og Vinnuveitendafélags Íslands frá 9. jan. 1941. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda, að því leyti sem sumarleyfiskaups er krafizt til handa verkamönnum, er stunduðu fagvinnu, og málskostnaðar krefst hann úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að 9. jan. 1941 var undirritaður samningur milli verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Vinnuveitendafélags Íslands um kaup og kjör verkamanna í Reykjavík, er tímakaup taka, og þann 30. okt. sama ár gerðu sömu aðiljar með sér viðbótarsamning, er fjallar um sumarleyfi verkamanna. Þann 11. febrúar 1942 gerði stefndi, sem ekki er í

Vinnuveitendafélagi Íslands, samning við Dagsbrún, þar sem hann skuldbindur sig til þess að fylgja „í öllu“ framangreindum samningum vinnuveitendafélagsins og Dagsbrúnar.

Þegar sumarleyfi og greiðslur fyrir þau skyldu hefjast sumarið 1942, taldi stefndi, að því er hann sjálfur hefur skýrt frá, að sér væri ekki, þrátt fyrir gerða samninga, skylt að greiða sumarleyfiskaup, því svo hefði verið um samið milli sín og Dagsbrúnar, að hann, sem annast ýmsar framkvæmdir fyrir hið útlenda setulið, skyldi því aðeins skyldur að greiða sumarleyfiskaup, að setuliðsstjórnin neitaði. Þessu hefur formaður Dagsbrúnar neitað. En það skiptir ekki máli hér, hversu þessu hefur verið farið, því þegar til kastanna kom greiddi stefndi sumarleyfiskaup öllum þeim félagsmönnum Dagsbrúnar, er hjá honum unnu venjulega verkamannavinnu og í munnlegum flutningi málsins hér fyrir dómi var samkomulag um það milli málflytjenda, að stefnda hefði verið þetta skylt samkvæmt samningnum við Dagsbrún, og að verkamönnum stefnda hefði borið sumarleyfiskaup miðað við það kaup, er þeir raunverulega fengu, þó það kynni að hafa verið hærra en lágmarkskaup samkvæmt samningnum frá 9. jan. 1941. Þarf því ekki að taka kröfur stefnanda að þessu leyti til frekari athugunar og er aðeins um það deilt í máli þessu, hvort verkamenn, sem svokallaða fagvinnu stunda („gerfismiðir“) eigi rétt til sumarleyfiskaups samkvæmt framangreindum samningum.

Hins vegar neitaði stefndi alveg að greiða sumarleyfiskaup til þeirra verkamanna, er unnu svokallaða „fagvinnu“, þ. e. a. s. að trésmíði og því líku (svo kallaðir gerfismiðir), en sá háttur var þá upp tekinn, að lagtækir verkamenn, er ekki höfðu hlotið nein iðnréttindi, unnu ýmsa vinnu, er iðnlærðir smiðir höfðu áður talið sér einum heimila og fengu þeir hærra kaup en menn, er unnu almenna verkamannavinnu; oft kaup samkvæmt kaupskrá iðnlærðra smiða.

Með bréfi, dags. 28. sept. f. á., fer verkamannafélagið Dagsbrún þess á leit við alþýðusambandið, að fenginn verði úrskurður félagsdóms um skyldu atvinnurekenda til þess að greiða verkamönnum, er „fagvinnu“ stunduðu á tímabilinu frá 1. des. 1941 til 1. júní f. á., sumarleyfiskaup. Þann 19. nóv. f. á. neitar stefndi Dagsbrún bréflega, að sér sé skylt að greiða sumarleyfispeninga til verkamanna á „fagmannakaupi“ fyrir vinnu á tímabilinu frá 1. des. 1941 til 22. ágúst 1942, en

Þann dag var undirritaður nýr samningur milli vinnuveitendafélagsins og Dagsbrúnar. Var mál þetta síðan höfðað svo sem að framan greinir.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt áður nefndum samningi Dagsbrúnar og vinnuveitendafélagsins frá 30. okt. 1941, sem stefndi undirgekkst með samningnum frá 11. febr. 1942, beri verkamönnum sumarfrí með fullu dagvinnukaupi, samkvæmt nánari ákvæðum samningsins. Eigi það jafnt við um þá, er stunda almenna verkamannavinnu og þá verkamenn, sem vegna ástands þess, er hér ríkir nú, hafa fengið, án þess að hafa nein iðnréttindi, að vinna ýmissa vinnu, sem iðnlærðir smiðir einir tileinkuðu sér áður. Telur stefndi, að í framkvæmdinni hafi orðið sú raun á, að þessir svo kölluðu „gerfismiðir“ hafi notið þeirra kjara, sem áskilin voru í samningi Dagsbrúnar og vinnuveitendafélagsins, þar á meðal sumarleyfa, að því undanskildu, að einn atvinnurekandi auk stefnda hafi ekki viljað greiða fyrir þau. Telur stefnandi, að það geti ekki skipt máli, þótt menn þessir hafi unnið fyrir hærra kaupi en lágmarkskaupi og jafnvel fengið kaup samkvæmt lágmarkskaupskrá iðnlærðra smiða.

Stefndi hefur eindregið mótmælt því, að honum beri að greiða „gerfismiðunum“ sumarleyfiskaup. Telur hann þetta sérstaka stétt manna, sem ekki hafi verið orðin til, er sumarleyfissamningurinn frá 30. okt. 1941 var gerður. Þeir hafi að öllu leyti tekið kaup samkvæmt kaupskrá iðnfélaganna. Ef þeir ættu þar að auki rétt til sumarleyfa yrðu þeir betur settir en iðnlærðir smiðir, sem ekki hafi þá haft samninga um sumarleyfi við atvinnurekendur. Heldur hann því fram, að samningur Dagsbrúnar og vinnuveitendafélagsins eigi ekki við um menn þessa og sjáist það m. a. bezt af því, að í samningi nefndra aðilja frá 22. ág. 1942, sé sérstaklega tekið fram, að verkamenn sem vinni „fagvinnu“ skuli njóta allra samningsbundinna réttinda Dagsbrúnarmanna, en óþarft hefði verið að taka slíkt fram, ef þessi réttur hefði verið falinn í eldri samningum. Þá mótmælir hann því, að sumarleyfagreiðslur af hálfu vinnuveitenda til handa „gerfismiðum“ hafi verið svo almennar sem stefnandi heldur fram.

Stefnandi hefur mótmælt því, að „gerfismiðirnir“ verði, þó fallizt yrði á skilning sinn á umdeildu atriði, betur settir en iðnlærðu smiðirnir. Því þó „gerfismiðirnir“ hafi ef til vill oft

fengið lágmarkskaup iðnlærðra smiða, þá hafi þeir iðnlærðu yfirleitt fengið samsvarandi kjarabætur hjá vinnuveitendum.

Vinna sú, sem hér er deilt um, hvort sé þess eðlis, að þeir sem hana vinna skuli njóta þeirra kjara, er í frammanfendum samningum greinir, er unnin af félagsmönnum verkamannafélagsins Dagsbrúnar, venjulegum verkamönnum, án sérþekkingar eða iðnréttinda. Mun hún að nokkru leyti vera á mörkum þess að vera verkamannavinna eða iðnlærðra manna vinna, en sem þeir síðartöldu höfðu áður heimt undir verksvið sitt, en nú vegna hins ríkjandi ástands eftirlátið venjulegum verkamönnum. Það þykir því ekki verða fullyrt, að þessi tegund vinnu sé þess eðlis, að þeir sem hana vinna hafi með því firrt sig rétti til þess að njóta þeirra kjara, er greinir í samningum vinnuveitendafélagsins og Dagsbrúnar frá 13. jan. og 30. okt. 1941. Það getur ekki heldur ráðið úrslitum, þótt þessir svo kölluðu „gerfismiðir“ fái hærra kaup en lágmarkskaup það, er í samningnum getur, því það hefur ekki áhrif á rétt manna samkvæmt kjarasamningum stéttarféлага og vinnuveitenda, þó einstökum félagsmönnum sé greitt hærra kaup en lágmarkskaup það, sem um er samið. Ekki er heldur hægt að fallast á þá skoðun stefnda, að ákvæði samningsins frá 22. ágúst 1942 um, „að verkamenn þeir, sem vinna að staðaldri fagvinnu og að jafnaði fá sama lágmarkskaup og greitt er í viðkomandi iðngreinum“, skuli njóta allra samningsbundinna réttinda Dagsbrúnarmanna, leiði til þeirrar gagnályktunar, að þessum mönnum hafi ekki áður horið umgetin réttindi. Því telja verður, m. a. með hliðsjón af því, að vinnuveitendur virðast yfirleitt hafa haft þá reglu að greiða „gerfismiðum“ sumarleyfiskaup, að hér sé frekar að ræða um staðfestingu á eldri reglu.

Úrslit máls þessa verða því samkvæmt framansögðu þau, að verkamenn, sem voru meðlimir Dagsbrúnar, eiga rétt til sumarleyfa samkvæmt samningum Dagsbrúnar og vinnuveitendafélagsins frá 9. jan. og 30. okt. 1941 á því tímabili, er sá samningur gildir, enda þótt þeir hafi þá unnið fagvinnu, þ. e. sem „gerfismiðir“ og þer stefnda, samkvæmt samningi hans við Dagsbrún, dags. 11. febr. 1942, að greiða þeim sumarleyfiskaup og skal kaupið miðast við fullt dagvinnukaup viðkomandi verkamanna.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Félagsmenn verkamannafélagsins Dagsbrúnar, sem stunduðu fagvinnu hjá stefnda, Axel Sveinssyni, áttu rétt til sumarleyfiskaups samkvæmt samningi Vinnuveitendafélags Íslands og verkamannafélagsins Dagsbrúnar, dags. 30. okt. 1941, miðað við það dagvinnukaup, er hver þeirra um sig fékk greitt.

Málkostnaður falli niður.

#### Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar.

Ég skil samning verkamannafélagsins Dagsbrúnar við Vinnuveitendafélag Íslands frá 9. jan. 1941 á þá leið, að hann taki einungis til almennrar verkamannavinnu, sbr. ákvæði 1. gr. samningsins um forgangsrétt félagsmanna í Dagsbrún til „almennrar verkamannavinnu“ og ákvæði 4. gr. samningsins um lágmarkskaup verkamanna, sem lúta einungis að þeirri vinnu, sem nú var nefnd. Viðaukasamningur þessara aðilja frá 30. okt. s. á., um sumarleyfi verkamanna, verður ekki talinn ná til annarra en þeirra, sem falla undir frumsamninginn frá 9. jan. Samningar þessir verða því að mínu áliti ekki taldir ná til þeirra verkamanna, sem unnu „fagvinnu“ og tóku kaup samkvæmt lágmarkstaxta hlutaðeigandi iðnfélaga. Styðst þessi skilningur enn fremur við það, að í síðari samningi verkamannafélagsins Dagsbrúnar við Vinnuveitendafélag Íslands, frá 22. ág. f. á., sem kom í stað þessara samninga, hefur þótt nauðsynlegt að taka það fram sérstaklega, að þeir verkamenn, sem slíka vinnu stunda, skuli njóta allra samningsbundinna réttinda Dagsbrúnarmanna, þótt þeir vinni fyrir herra kaupí en ákvæðið er í samningnum fyrir venjulega verkamenn, og að jafnaði sama lágmarkskaupi og greitt er í „viðkomandi iðngreinum“.

Þar eð cigi hafa komið fram önnur gögna en nú hafa verið nefnd fyrir því, að verkamenn, sem stunduðu iðnvinnu hjá stefnda og tóku kaup samkvæmt lágmarkstaxta iðnfélaga í sinni grein, hafi átt kröfu til sumarleyfis, tel ég að sýkna beri stefnda í máli þessu.

Eftir atvikum álit ég rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Axel Sveinsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, í máli þessu.

Málkostnaður falli niður.